

Oskar Gíslason hélt nýlega ljósmyndasýningu á Kjarvalsstöðum og hér heldur hann á sýningaskránni. Oskar er flestum Íslendingum kunnur fyrir starf sitt sem ljósmyndari og kvikmyndagerðar- maður.

„Þetta byrjaði allt þegar ég var tíu ára og hálskirtdarnir í mér tóku upp á því að bólgna. Þá var ég sendur á sjúkrahús, en til þess að hugga mig spurði pabbi hvað mig langaði helst til að eignast þegar heim kæmi. Af einhverjum ástæðum bað ég um kassamyndavél.“ Þannig tók Oskar Gíslason, ljósmyndari og kvikmyndatökumaður, til orða þegar við höfðum hreiðrað um okkur í stofnu heima hjá honum og Ingibjörgu Einarsdóttur konu hans. Við höfðum beðið hann að segja okkur lítillga frá sínum langa starfsferli.

„Ég fór svo að taka myndir á kassavélina, og loks kom að því fimm árum seinna að ég hóf nám í ljósmyndun hjá Ólafi Magnússyni“ hélt Oskar áfram. „Þá var nú margt öruvísí í ljósmynduninni en nú er. Við notuðum ekki filmur heldur glerplötur sem kostuðu tvær krónur og fimmtíu ára dúsiníð. Höfuðið á fólkinu sem átti að mynda var skorðað í einskonar grind í hnakkanum til að koma í

veg fyrir að það hristist, því að í þá daga þurfti að lýsa myndirnar í næstum því hálfu mínútu. Seinna komu þurrplötur á markaðinn í staðinn fyrir glerplöturnar og þær voru miklu fljótvirkari.“

Vakti samfleytt í þrjá sólarhringa

„Nokkrum árum eftir að ég byrjaði hjá Ólafi komst ég í kynni við Larsen sem kvikmyndaði „Sögu Borgarættarinnar“, og aðstoðaði hann við að framkalla upptökuprúfur. Þessi kynni hafa líklega verið kveikjan að áhuganum sem ég fékk seinna á kvikmyndum. Ég sigldi árið 1920 til Kaupmannahafnar til framhaldsnáms í ljósmyndun hjá Peter Elfelt, og jafnframt fékk ég að fylgjast með kvikmyndagerð hjá Nordisk filmkompagni sem hafði séð um kvikmyndun Borgarættarinnar. Þegar ég gerði mína fyrstu mynd, Lýðveldishátíðina 1944, bjó ég að því sem ég hafði

„Ég varð aldrei kvikmyndunum“

lært hjá Larsen og Nordisk film. Á þeim árum voru kvikmyndir alltaf sendar út til framköllunar og var löng bið eftir að þær kæmu til baka. Ég ákvað því að framkalla kvikmyndina sjálfur með þeirri litlu kunnáttu sem ég hafði. Á daginn myndaði ég á Þingvöllum, fór síðan heim á kvöldin og notaði nóttina til að framkalla. Þetta var ofboðsleg vinna og ég vakti samfleytt í þrjá sólarhringa. Þá átti eftir að klippa, og þremur dögum eftir að Lýðveldishátíðinni lauk var kvikmyndinni varpað á tjaldið í Gamla bíói, fyrstu myndinni sem sýnd var svona fljótt opinberlega í íslensku kvikmynda- húsi.“

„Ég minnstist áðan á Peter Elfelt, þann sem kenndi mér ljósmyndun í Höfn. Elfelt var að mörgu leyti merkilegur maður, brautryðjandi í kvikmyndun á sínu sviði og tók manna fyrstur kvikmyndir í Kaupmannahöfn. Þegar ég kom til hans var hann orðinn gamall og alveg hættur kvikmyndun. Hann átti hinsvegar mikið safn af skuggamyndum alls staðar að úr heiminum og ef einhver ætlaði að halda fyrirlestur, til dæmis um Japan, var leitað til Elfelts og hann útvegaði myndir frá viðkomandi heimshluta. Maðurinn sem sá um skuggamynda- deildina varð mjög veikur um tíma og þá fól Elfelt mér umsjón hennar. Þetta kom sér vel seinna þegar ég fór sjálfur að taka skuggamyndir.“

Gómaður með mynda- vélina nokkrum sinn- um á hernámsárunum

Eftir tveggja ára nám í Kaupmannahöfn kom Oskar aftur heim til Íslands og setti upp ljósmyndastofu í Kirkjustreitinu ásamt Þorleifi Þorleifssyni. „Ég hef alltaf haft gaman af að taka portrettmyndir“ sagði

Oskar. „Á hinn bóginn tók ég sjaldan landslagsmyndir þótt þær geti auðvítð verið mjög fallegar. Auk starfsins á ljósmyndastofunni vann ég talsvert fyrir blöðin eins og aðrir ljósmyndarar á þessum árum. Þá voru engir sérstakir blaðaljósmyndarar og oft var maður beðinn að taka myndir af einhverju eða sendi blöðunum góðar myndir. Ég lenti nokkrum sinn- um í smáevintýrum við þessa iðju. Til dæmis þegar ég tók myndir af atburðum í sambandi við hernámið. Þeir hjá hernum tóku mig fastan tvisvar eða þrisvar, færðu mig niður á stöð og spurðu af hverju ég væri að taka þessar myndir og hvað ég ætlaði að gera við þær. Mynda- vélin var einu sinni tekin af mér en hún skilaði sér nokkrum dög- um seinna.“

„Sló vixla og lán til kvikmyndagerðarinn- ar“

Flestir Íslendingar þekkja kvikmyndir Óskars, en þeirra helst eru „Síðasti bærinn í dalnum“, „Reykjavík vorra daga“, „Björgunarafrækið við Látrabjarg“, „Lýðveldishátíðin“, „Reykjavíkurevintýri Bakkabræðra“, „Ágirnd“ og „Nýtt hlutverk“.

„Kvikmyndirnar voru mjög dýrar í framleiðslu og erfitt að standa einn undir kostnaðinum“ sagði Oskar. „Ég varð að slá vixla og lán, en venjulega tókst mér að borga lánin og standa í skilum við leikarana þegar sýn- ingar hófust. Þó kom það fyrir að ég tapaði öllu sem ég átti til. Ég hef sannarlega ekki orðið milljóneri af kvikmyndunum. Það kom meðal annars til af því hvað við erum fá. „Björgunarafrækið við Látrabjarg“ fór að vísu um alla Evrópu, en ég gaf Slysavarnafélaginu allan sýn- ingarétt á henni“ sagði Oskar. Geturðu ekki sagt okkur


dálitið frá töku Látrabjargs- myndarinnar?

„Árið 1947 strandaði togari við Látrabjarg og þrjú menn fórust, skipstjórinn, bátsmaðurinn og einn háseti, en hinum björguðu strákarnir í björgunarsveitinni Bræðrabandið. Árið eftir stakk Þórður Jónsson á Látrum upp á því á fundi Slysavarnafélagsins í Reykjavík að atburðirnir við Látrabjarg yrðu leiknir upp aftur og kvikmyndaðir. Þetta var samþykkt og ég fenginn til að sjá um kvikmyndunina. Þegar við komum vestur höldum við á staðinn þar sem tog- arinn hafði strandað. Þá eigum við eftir að siga bjargið til að komast niður í fjöru.“


„Steinninn stefndi beint á hausinn á mér“

Þórður fer fyrstur niður og hreinsar um leið lausa steina sem á vegi hans verða. Þegar kemur að mér að leggja í bjargið biður Þórður niðri til að taka á móti mér. Og sem hann stendur þarna og horfir upp, sér hann hvar stór steinn kemur fljúgandi og stefnir beint á hausinn á mér, Þórði til nokkurrar skelfingar. Sem betur fer flaug steinninn aðeins til hliðar við mig. Ég varð mjög hissa þegar Þórður sagði mér frá þessu, því að ég fann aðeins smá- mylsnu detta á öxlina á mér þarna í bjarginu. En þetta var svo sem ekkert merkilegt og allt fór vel að lokum.


Atburðirnir við Látrabjarg voru leiknir upp aftur, nákvæmlega eins og þeir áttu sér stað. Strákarnir í björgunarsveitinni fóru hver með sitt hlutverk og stóðu sig með afbrigðum vel. Aður hafði einhver haldið því fram að það væri ófært annað en að fá hingað leikara frá Holly- wood, en sú hugmynd var sem betur fer óframkvæmanleg, enda sé ég stjórnmurnar í anda dýnglandi þarna utan í svimandi



„Kvikmyndirnar voru mjög dýrar í framleiðslu og erfitt að standa einn undir kostnaðinum“.



„Þórður sér allt í einu hvar stór steinn kemur fljúgandi og stefnir beint á hausinn á mér“.



„Þetta hófst eiginlega allt með bólgnum háls- kirtlum.“